

Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) er aðili að heimssambandinu WorldArchery (WA). BFSÍ fer eftir reglum og lögum WA og reglur BFSÍ skulu vera í samræmi við reglur og lög WA.

Siðanefnd

Siðanefnd samanstendur af 3 nefndarmönnum sem eru tilnefndir af formanni BFSÍ og staðfestir af meirihluta stjórnar. 1 formaður og 2 nefndarmenn. Nefndarmenn skulu ekki sinna öðrum stöðum innan BFSÍ. Að lágmarki skal vera 1 meðlimur af hvoru kyni í siðanefnd.

Hlutverk siðanefndar eru:

1. Að vera félagsmönnum og sambandsaðilum til ráðgjafar og leiðbeiningar um siðamál.
2. Að taka við og fjalla um erindi sem nefndinni berast um brot félagsmanna á siðareglum.
3. Að úrskurða um réttmæti erindis með hliðsjón af lögum og siðareglum félagsins.
4. Að sjá til þess að úrskurðum sé framfylgt.
5. Að skrifa skýrslu um störf sín fyrir bogfimiþing
6. Endurskoða og leggja til tillögur um endurbætur á siðareglunum BFSÍ.

Siðanefnd getur beitt eftirfarandi úrræðum. Við lausn á málum.

- Láta málið falla niður.
- Leita sátta málsaðila þar sem hægt er eða við á.
- Veita skrifleg viðvörðun við ákveðnu broti. (ef ekki er tekið mark á henni þá skal veita skriflega áminningu)
- Veita skriflega áminningu. (skriflega áminningu er aðeins hægt að veita sama einstaklingi einu sinni)
- Leggja til tímabundið bann úr hluta eða öllu bogfimistarfi til stjórnar BFSÍ.
- Leggja til varanlegt bann úr hluta eða öllu bogfimistarfi til stjórnar BFSÍ.
- Vísa máli til yfirvalda.

Tilgangur allra úrræðana er að leysa mál sem koma upp og gefa viðkomandi aðilum möguleika á að bæta sig ef hægt er. Alvarleika brota þarf siðanefnd að meta í hverju tilfelli og leggja til viðeigandi lausn/refsingu eftir alvarleika.

Stjórn BFSÍ skal taka mið af tillögum siðanefndar þegar stjórnin tekur ákvörðun um bönn.

Ef einhver verður þess áskynja að siðareglur BFSÍ hafi verið brotnar af meðlim félags eða sambandsaðila, innan eða utan bogfimistarfs, getur hann vakið athygli á því með erindi til siðanefndar BFSÍ. Rökstudda ábendingu um brot á siðareglum skal ætíð taka til athugunar. Niðurstaða slíkrar athugunar má aldrei bitna á þeim sem færir ásökunina fram og nafn þess sem kærir skal ekki gert opinbert. Tilhæfulausar ásakanir geta þó brotið önnur ákvæði siðareglna.

Siðanefnd sker úr um það hvort að siðareglur BFSÍ hafi verið brotnar. Nefndin skal gefa félagsmanni færi á að skýra og verja mál sitt.

Siðareglur

Siðareglur og hegðunarviðmið ÍSÍ gilda innan vébanda BFSÍ.

BFSÍ er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga innan ÍSÍ, sem iðka og keppa í bogfimi. BFSÍ er ábyrgt fyrir því að vernda heillindi og orðspor bogfimi innan og utan keppni. BFSÍ leitast þannig stöðugt við að vernda ímynd sína og bogfimiíþrótta frá skaða sem hlotist getur af ósiðlegum eða ósiðferðislegum aðferðum og athæfi.